

**Svignaskarð í Borgarbyggð. Neysluvatn fyrir  
sumarbústaðabyggð**

**Þórólfur H. Hafstað**

**Greinargerð PHH-99-04**

12. júlí 1999

## Svignaskarð í Borgarbyggð Neysluvatn fyrir sumarbústaðabyggð

Að beiðni Guðmundar Þ. Jónssonar skoðaði ég vatnsból sumarbústaðabyggðar í landi Svignaskarðs þann 6. júlí síðast liðinn. Þórhallur Björnsson sýndi mér vatnsbólið, en hann er að stórum hluta höfundur að því. Ekki er vitað hver neysluvatnsþörfin er, en búist er við að vatnsnotkun muni fara vaxandi, ekki síst að vetrarlagi. Með tilkomu hitaveitu má reikna með að bústaðirnir verði meira notaðir að vetri en hingað til. Bújörðin fær vatn úr sama bóli og bústaðirnir.

Prýðisveður var þegar svæðið var skoðað, en áður hafði verið óþurrkatíð. Nægt vatn var í brunnnum, en ekki mikið að marka þær smávætlur og lindseytl, sem séð varð í grenndinni; það á efalaust eftir að hverfa að mestu í þurrviðri og vetrarfrostum.

Á þessum slóðum eru nokkuð víða nokkur vandkvæði með neysluvatnsöflun. Fast berg er fornt á íslenskan mælikvarða og það hefur yfirleitt reynst vera þétt og illa vatnsgengt. Boranir í grenndinni hafa líka lítinn árangur borið, þó að sums staðar megi tutla vatn fyrir einn og einn bústað úr borholum. Smávægilegt vatnsseytl er þó hér og þar úr föstu bergi. Þess er einna helst að vænta við einstaka lagamót í jarðlagastaflanum svo og við misgengisbrot. Ekki er vitað um neinn álitlegann borstað í nágrenni bústaðanna.

Laus jarðlög geta myndað verulegt grunnvatn, séu þau nægilega útbreidd og enn fremur má oft gera ágæt vatnsból í malareyrar í grennd við ár og læki. Slík jarðlög eru hins vegar af skornum skammti í grennd við Svignaskarð.

Í nágrenninu er aðeins einn smálind, sem staðið getur undir nafni. Hún er undir Dýhól, tæpan ½ km innan við vatnsbólið og virðist liggja ögn lægra í landinu. Vatnið kemur úr þunnu malarlagi og var rennsli frá lindinni mælt 0,3 l/s, hiti 4,2°C. Vatnsmagnið minnk- ar vafalaust í þurrkatíð, en þverr þó líkast til ekki.

Hugað var sérstaklega að möguleikum á að grafa brunna í áreyrina vestan við Gljúfurá, rétt ofan við veiðihúsið. Í ljós kom, að mölin er alls staðar mjög þunn og undir henni annað hvort þétt klöppin eða þá enn vatnsþéttara leirlag. Því er útilokað að gera þarna brunn, þar sem úr fengist skikkanlega síað vatn.

Núverandi vatnsbólsmannvirki hafa staðist tímans tönn með ágætum, enda hefur vel verið gengið frá þeim í upphafi. Vatnið er tekið úr brunni, sem grafinn er í dálítinn malarbleðil utan í klapparholti. Þetta er líklega afgangangur af malarhjalla, sem þarna hefur sest til þegar sjávarstaða var hærrí en nú er í lok Ísaldar. Landið er sámilega gróið og er ekki hægt að segja um hversu stór malarhjallinn er. Úrkoma, sem á hann fellur, sígur niður í mölina og myndar grunnvatn en þess utan rennur eitthvað vatn að á yfirborði. Vatn- svæði vatnsbólinsins er örugglega lítið.

Í þennan malarbleðil hafa verið grafnir "dren"skurðir og þeir fylltir af vel vatnsleiðandi möl. Mölin flytur grunnvatnið að vatnsbólssbrunninum, en neðan hans hefur verið reynt að þétta jarðveginn til þess að sem minnst tapist af vatni af svæðinu. Í þurrakatíð, þegar vatnsborðið fer að lækka, er hægt að dæla að vatni úr Gljúfurá, sem er í tæplega kílómetra fjarlægð. Því vatni er dælt í tvo brunna, sem eru rétt hjá vatnsbólssbrunninum og lát-ið síga niður í mölina. Þannig er grunnvatnið endurnýjað.

Brunnarnir eru gerðir úr forsteyptum brunnhringum, metersvíðum. Vatnsbólssbrunnurinn er 3½ m djúpur en hinir eru 2½ m. Vatnsborð er um 40 cm neðan við yfirborð jarðar. Vatnið var hreint og tært og ekkert bar á rauðum járnútfellingum í brunnunum, eins og oft vill verða, einkum á samskeytum brunnhringanna. Girt er umhverfis og er stærð friðunar-svæðisins hæfileg miðað við aðra landnotkun (beit og útivist).

Í stórum dráttum virðist þetta sem sagt vera hið þokkalegasta vatnsból og ágæt lausn þar sem erfitt er um vatnsöflun. Aðal gallinn við fyrirkomulagið er, að ekki er hægt að reka íveituna frá Gljúfurá á vetrum. Vatnið er tekið beint úr ánni og lögnin er ekki niðurgrafin og verður því ekki varin fyrir frosti.

Eins og vikið var að er neysluvatnsöflun víða vandamál á þessum slóðum. Það er mjög líklegt að í náinni framtíð verði leitað einhverrar lausnar á því, hugsanlega með sameiginlegri vatnsveitu um sveitina. Þangað til að framtíðarlausn er fengin þykir mér rétt að leggja ekki í mikinn kostnað, heldur að reyna að búa sem best að því sem er fyrir hendi.

Ég tel að rétt sé að láta á það reyna í vetur hvort þörf er á einhverjum sérstökum aðgerð-un við vatnsveituna. Ef til vill væri hyggilegt að dæla duglega úr ánni upp í vatnsbólssvæðið áður en vetur gengur í garð. Það er samt sem áður matsatriði og fer eftir tíðarfari í vetrarbyrjun.

Ef að vatnslaust verður á vetrum, gæti orðið nauðsynlegt að grafa lögnina frá Grjúfurá niður fyrir frost og reyna að ná vatninu úr grunnum brunni í árbakkanum. Sæmilegur staður til þess arna virðist vera u.þ.b. 100 m ofan við núverandi vatnstökustað. Sem fyrr yrði vatnið ættað úr ánni, nær ósíað. Svona íveita er að sjálfsgöðu ekki í samfelldum rekstri þannig að vel má vera að einhver vandkvæði skapist þegar þarf að vökva vatnsbólssvæðið með ísköldu árvatninu í hörkufrosti að vetri til. Þess vegna finnst mér að rétt væri að skoða þá hugmynd aðeins nánar, hvort nota megi "retur"vatn frá hitaveitunni til íveitu á vetrum.

Ef ekki verður af vatnsveitu í sveitinni á næstu árum er sem sagt rétt að nota þetta vatnsból áfram á svipaðan hátt og gert hefur verið. Samt má bæta umbúnaðinn ofurlítið:

Rétt er að þétta efstu samskeytin á vatnsbólssbrunninum. Það er hægt að gera án þess að hnika honum, því þau eru aðeins á um 40 cm dýpi.

Þá þarf að jafna svæðið ofan við brunnanna og jafnvel bæta þar við einhverju efni. Þarna eru dokkir, sem pollar myndast í þegar vatnsstaðan er há, eins og nú er.

Ef vel á að vera verður að færa íveitubrunnana fjær vatnsbólssbrunni. Eins og er fæst engan veginn örugg síun, enda ekki nema örfáir metrar á milli. Rétt væri að íveitubrunnarnir væru í þúkkskurðinum, sem liggur þvert yfir svæðið. Hugsanlega mætti tengja stuttar "dren"lagnir við þá þar.

Þetta bíður þó síðari tíma þar til séð verður hvort af öðrum vatnsveitum verður í héraðinu